



Íslendingar stóðu undir helmingi tekna ferðapjónustunnar á síðasta ári


Viðskipti íslenskra og erlendra ferðamanna við íslensk ferðapjónustufyrirtæki námu samtals 236 mö.kr. á síðasta ári.¹ Árið 2019 nam þessi upphæð 602 mö.kr. og dróst hún því saman um 307 ma.kr., eða 58%. Kaup erlendra ferðamanna námu 114 mö.kr. og kaup innlendra ferðamanna námu 122 mö.kr. Stóðu kaup innlendra ferðamanna því fyrir um 52% af heildartekjum íslenskrar ferðapjónustu á síðasta ári.

Þetta hlutfall hefur aldrei áður komist nálægt því að vera yfir 50%. Hlutfallið var einna hæst árin 2009 og 2010 en þá fækkaði erlendum ferðamönnum verulega hér á landi, m.a. vegna alþjóðafjármálakreppunnar og gossins í Eyjafjallajökli. Þá var þetta hlutfall á bilinu 28-29% en það lá á bilinu 20-24% á árunum 2016-2019.

Faraldurinn skýrir þessi umskipti


Þróunin í neyslu bæði innlendra og erlendra ferðamanna hér á landi á síðasta ári skýrist fyrst og fremst af þeim miklu samgöngutakmörkunum sem faraldurinn hafði í för með sér. Alls fækkaði erlendum ferðamönnum hér á landi um 76% á síðasta ári sem er í mjög góðu samræmi við neyslusamdrátt þeirra, sem nam rúmum 75%. Fækkun brottfara Íslendinga til útlanda var ívið meiri, eða tæplega 79%, og hafði þau áhrif að auka neyslu þeirra á ýmissi ferðapjónustutengdri þjónustu hér innanlands. Í heild dróst neysla landsmanna á innlendri ferðapjónustu þó saman um 14%, eða tæpa 20 ma.kr. Það skýrist fyrst og fremst af samdrætti í neyslu sem tengist ferðalögum til annarra landa. Þannig drógust viðskipti þeirra við íslenskar ferðaskrifstofur saman um 16 ma.kr. og kaup frá íslenskum flugfélögum drógust saman um tæpa 10 ma.kr. en í hvoru tilfelli fyrir sig má rekja langmest af samdrættinum til minni ferðalaga til annarra landa.

Viðskipti ferðamanna við íslenska ferðapjónustu



Hlutfall Íslendinga af heildarneyslu ferðamanna
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting í kaupum innlendra ferðamanna og framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Þarna er um að ræða alla neyslu innlendra ferðamanna og erlendra ferðamanna sem koma hingað til lands, auk kaupa erlendra ferðamanna á flugþjónustu innlendra flugfélaga án þess að þeir ferðamenn komi hingað til lands. Þetta eru ferðamenn sem fljúga t.d. með Icelandair yfir hafid.



Kaup innlendra ferðamanna á gistingu hér á landi jukust um 6,1 ma.kr. milli ára, eða um 17,8%. Það er fyrst og fremst aukningin í kaupum Íslendinga á gistingu sem skýrir af hverju samdráttur í neyslu innlendra ferðamanna varð ekki meiri. Fjöldi gistingu Íslendinga á öllum tegundum skráðra gistingu jókst um rúman þriðjung milli 2019 og 2020. Gistingu námu tæplega 1,5 milljónum í fyrra og hafa aldrei mælt fleiri. Fyrra met var árið 2018 þegar þær námu 1,1 milljón. Gistingu erlendra ferðamanna námu 1,8 milljónum á síðasta ári og höfðu þær ekki mælt jafn fáar síðan árið 2006 þegar þær voru 1,7 milljónir. Gistingu erlendra ferðamanna fækkaði um 75% sem er í mjög góðu samræmi við fækkun þeirra ferðamanna sem komu hingað til lands á síðasta ári.



Innanlandsmarkaðurinn sannaði mikilvægi sitt

Það fer oft lítið fyrir mikilvægi íslenskra ferðamanna í umræðu um ferðaþjónustuna. Þeir hafa þó alltaf verið umtalsverður hluti tekna íslenskrar ferðaþjónustu og verða það áfram. Það má segja að íslenskir ferðamenn hafi virkað sem ákveðinn stuðpúði fyrir íslenska ferðaþjónustu í faraldrinum og komið í veg fyrir að tekjumissirinn yrði meiri en hann varð. Líklegt er að aftur verði töluverð umskipti í tekj samsetningu ferðaþjónustunnar á þessu ári og hún verði nær því sem er í meðalári. Þannig má gera ráð fyrir að Íslendingar flykkist í ferðalög til útlanda og að fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi verði umtalsverð. Við spáðum því að fjöldi erlendra ferðamanna sem komi til landsins á þessu ári verði um 800 þúsund en þeir voru tæplega hálf milljón í fyrra.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.